

Nr. 16/1992. Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.  
**Alþýðusamband Íslands**  
**vegna Iðnnemasambands Íslands**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands og**  
**til réttargæslu Alþýðusambandi Íslands**  
**f.h. Félags framreiðslumanna**

(Jón H. Magnússon hdl.)

Samkomulag. Iðnnemar. Vaktaálag. Yfirvinna.

### **Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediksdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem dómtekið var 5. febrúar sl., höfðaði Alþýðusamband Íslands vegna Iðnnemasambands Íslands fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefni 2. desember 1992, gegn Vinnuveitendasambandi Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að 11. gr. samkomulags málsaðila frá 26. apríl 1992, um iðnnemakjör, verði túlkuð svo að framreiðslunemar skuli njóta vaktaálags ofan á daglaun og yfirvinnugreiðslna eftir þeim reglum sem gilda um framreiðslumenn í kjarasamningi Félags framreiðslumanna og stefnda f.h. Sambands Veitinga- og gistihúsa. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Með réttargæslustefnu, útgefni 30. desember 1992, stefndi Vinnuveitendasamband Íslands Alþýðusambandi Íslands f.h. Félags framreiðslumanna til þess að gæta þar réttar félagsmanna Félags framreiðslumanna í máli þessu. Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Sótt var þing af hálfu réttargæslustefnda en engar kröfur gerðar.

Leitað var um sáttir í málinu án árangurs.

Við aðalmeðferð málsins kom fyrir dóm til skýrslugjafar Kolbeinn Arngrímsson formaður Félags framreiðslumanna.

*Málavextir, málsástæður og rökstuðningur stefnanda.*

Í stefnu segir varðandi málavexti að byggt sé á kjarasamningi málsaðila um iðnnemakjör og því hvernig sá samningur tengist kjarasamningi Félags framreiðslumanna og stefnda vegna Sambands Veitinga- og gistihúsa. Í samkomulagi aðila um iðnnemakjör frá 26. apríl 1992 eru svohljóðandi ákvæði í 11. gr.:

„Iðnnemar njóti sömu réttinda og hlunninda og ákveðin eru í samningum um kjör sveina í viðkomandi iðngrein svo sem fæðispeninga, fatapeninga, ákvæða um fjarlægðarlínur o.þ.h. en ekki þeirra, sem áunnin eru eða umsamin fyrir meiri starfsmenntun, sérþjálfun eða ábyrgð sveina.

Greiðsla vegna fjarlægðarlínu og hliðstætt greiðist ekki þann tíma sem nemar sækja skóla.“

Í a. lið 3. gr. samkomulags þessa er ákvæði þess efnis að öll yfirvinna og vaktaálög skuli greidd sem hlutfall af dagvinnulaunum iðnnema á fjórða ári fyrir unninn tíma.

Stefnandi telur framangreind ákvæði vísa til II. kafla í kjarasamningi milli Félags framreiðslumanna og stefnda f.h. Sambands veitinga- og gistihúsa. Í gr. 2.6.4. í þeim samningi sé ákvæði þess efnis, að þar sem einungis eru unnar kvöldvaktir reiknist 33% álag á tímabilinu kl. 17.00–02.00 mánudaga til föstudaga. Á öðrum vöktum reiknast 33% vaktaálag á tímabilið frá 07.30–08.00 og frá kl. 17.00 til 00. 30. Vinna á vöktum laugardaga og sunnudaga reiknast með 45% álagi. Í 2.6.5. segir enn fremur að á vinnu sem fellur utan ofangreindra tímamarka, svo og á vaktafrídaga og helgidaga samkvæmt 1. og 2. mgr. reiknist yfirvinnukaup.

Kaup framreiðslumanna sé þannig uppbyggt að þeir fái laun sín greidd sem þjónustugjald, sbr. gr. 1.1. í kjarasamningi Félags framreiðslumanna og VSÍ vegna Sambands veitinga- og gistihúsa. Almenn þjónustugjald skuli vera 15 % af verði veitinga til almennings að frátöldu þjónustugjaldi og virðisaukaskatti. Samkvæmt II. kafla kjarasamningsins skuli framreiðslumönnum tryggð lágmarksalaun á mánuði (þ.e. nettóalaun að frádregnum greiðslum vegna nema og aðstoðarfólks samkvæmt uppgjöri). Vegna þess að heildarlaun framreiðslumanna byggi á þjónustugjaldi samkvæmt 1. gr. samningsins og þar með hlutdeild í tekjum veitingahúss sé starfsemi þeirra blönduð að því leyti að launakjör og réttarstaða gagnvart atvinnurekanda byggi á kjarasamningi, en starf þeirra sé þó sjálfstætt með

ágóðahlut eins og með verktöku eða sjálfstæða starfsemi væri að ræða. Þannig ráði framreiðslumenn iðnnema til sín í vinnu og greiði þeim laun af sínum hlut á grundvelli kjarasamnings milli ASÍ og VSÍ um iðnnemakjör. Félag framreiðslumanna sé innan Alþýðusambands Íslands en neiti allt til þessa að virða þau ákvæði í kjarasamningi sem hér er um deilt. Málssókn þessi sé nauðsynleg gegn Vinnuveitendasambandi Íslands vegna aðildar þess að málinu og til þess að fá dóm fyrir hinni réttu túlkun kjarasamningsins. Alþýðusamband Íslands hafi reyndar til margra ára eða allt frá árinu 1983 verið þeirrar skoðunar að framreiðslunemum beri vaktálag, sbr. bréf ASÍ dags. 19. maí 1983 til Iðnnemasambands Íslands. Félag framreiðslumanna hafi hinsvegar hundsað þá afstöðu. Alþýðusamband Íslands geti ekki beitt agavaldi gagnvart Félagi framreiðslumanna, en veiti hins vegar heimild til málshöfðunar þessarar til þess að leysa þessa deilu.

Stefnandi byggir málshöfðunina á 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 enda sé hér um að ræða ágreining um skilning á vinnusamningi eða gildi hans. Kjarasamningur aðila um iðnnemakjör er gerður 26. apríl 1992 og hafi hann sama gildistíma og uppsagnarákvæði og hinir almennu kjarasamningar aðila frá sama tíma og taki sömu launabreytingum, sbr. 18. gr. Vinnuveitendasamband Íslands sé samkvæmt meginreglum vinnuréttar bundið af þessum kjarasamningi gagnvart Alþýðusambandi Íslands um kjör íslenskra iðnnema. Iðnnemasamband Íslands hafi ekki réttarstöðu stéttarfélags og komi því Alþýðusambandið fram f.h. Iðnnemasambandsins í þessu máli. Eins og fram komi í 3. gr. vinnulöggjafarinnar séu einstakir meðlimir félaga bundnir af löglegum samningum þeirra, þeirra á meðal Samband veitinga- og gistihúsa hvað varðar framreiðslunema. Í 11. gr., sbr. gr. 3. a í kjarasamningi um iðnnemakjör, séu skýr ákvæði þess, að iðnnemar skuli njóta sömu réttinda og hlunninda og ákveðin eru í samningum um kjör sveina í viðkomandi iðngreinum og sérstaklega tekið fram að yfirvinna og vaktálag skuli greidd sem hlutfall af dagvinnulaunum nema á 4. ári fyrir unninn tíma.

#### *Málsástæður og rökstuðningur stefnda.*

Af hálfu stefnda er því haldið fram að fyrir nokkrum mánuðum hafi framkvæmdastjórar Alþýðusambandsins og Iðnnemasambandsins komið á fund fulltrúa stefnda og Sambands veitinga- og gistihúsa. Farið hafi verið fram á það að stefndi viðurkenndi að

framreiðslunemum bæri að fá greitt vaktálag. Þá hafi fulltrúi stefnda krafist þess að fram kæmi sameiginleg afstaða ASÍ og aðildarfélags þess áður en stefndi tæki formlega afstöðu til kröfunnar, þar sem hún snerti fyrst og fremst féлага í aðildarfélagi stefnanda.

Framkvæmdin sé í grófum dráttum sú, að innheimt sé 15-20% þjónustugjald af öllum veitingum, sem seldar eru á veitingastöðum, hvort sem framreiðslumenn annist söluna og þjónustuna sjálfir eða salan og þjónustan sé innt af hendi af framreiðslunemum þeirra eða ófaglærðu aðstoðarfólki í þjónustu framreiðslumannanna. Viðkomandi framreiðslumaður fái allt þjónustugjaldið en greiði ófaglærðu aðstoðarfólki sínu og framreiðslunemum laun fyrir unninn tíma. Kaup ófaglærða fólksins og nemanna tengist ekkert tekjum af þjónustugjaldinu. Þau séu á föstu kaupí, sem sé það sama hvort sem salan er lítil eða mikil.

Eftir því sem best sé vitað hafi framreiðslumenn borið fyrir sig álit lögmanns félagsins þegar þeir hafa neitað nemum um greiðslu vaktálags. Þessi deila sé því í raun innanbúðar vandamál hjá stefnanda, sem eðlilegast væri að leysa á þeim vettvangi. Þar sem aðildarfyrirtæki stefnda annist ekki launagreiðslur til framreiðslunema hafi stefndi og talið og telji reyndar enn eðlilegt að gera þá kröfu að Alþýðusambandið og aðildarfélag þess samræmdu afstöðu sína til málsins áður en stefndi er krafinn um formlega afstöðu.

Kröfur í máli þessu beinist í reynd að félögum í Félagi framreiðslumanna, sem er aðili að Alþýðusambandinu, þess vegna sé Alþýðusambandi Íslands stefnt til réttargæslu til þess að gæta réttar félagsmanna Félags framreiðslumanna.

#### *Niðurstaða.*

Eins og fram kemur í 1. mgr. 11. greinar í samkomulagi málsaðila um iðnnemakjör frá 26. apríl 1992, njóta iðnnemar sömu réttinda og hlunninda og ákveðin eru í samningum um kjör sveina í viðkomandi iðngrein. Í a-lið 3. greinar sama samkomulags eru ákvæði um að öll yfirvinna og vaktálæg skuli greidd sem hlutfall af dagvinnulaunum iðnnema á 4. ári fyrir unninn tíma.

Í greinum 2.6.4. og 2.6.5. í kjarasamningi Félags framreiðslumanna og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sambands veitinga- og gistihúsa frá 1. febrúar 1990 er m.a. að finna ákvæði um vaktálag og yfirvinnugreiðslur.

Með hliðsjón af skýru orðalagi fyrrgreindrar 1. mgr. 11. greinar í

samkomulagi málsaðila og áðurnefndra ákvæða um vaktaálag og yfirvinnugreiðslur, telur dómurinn að fallast beri á dómkröfur stefnanda þannig, að 11. grein samkomulags málsaðila um iðnnemakjör verði túlkað svo, að framreiðslunemar skuli njóta vaktaálags ofan á dagvinnulaun og yfirvinnugreiðslna eftir ofangreindum reglum.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Framreiðslunemar skulu njóta vaktaálags ofan á dagvinnulaun og yfirvinnugreiðslna eftir reglum kjarasamnings framreiðslumanna og samkomulags um iðnnemakjör.

Málskostnaður fellur niður.

---